
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn miðvikudaginn
19. maí 2021, kl. 17:00 í útibúi Landsbankans, Austurstræti 11,
155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Braga Gunnarsson lögmann í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Bragi tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 27. maí 2021, og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 26. apríl 2021. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn. Ræða hans fer hér á eftir:

„Ágætu sjóðfélagar!

Rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins hefur gengið vel á síðustu árum og var árið 2020 engin undantekning í því efni. Þrátt fyrir ójafnvægi í efnahagsumhverfinu og mikla óvissutíma var ávöxtun eigna sjóðsins góð. Þá hélt sjóðurinn áfram að vaxa og sjóðfélögum að fjölga.

Ávöxtun á árinu 2020 var afar góð sérstaklega í ljósi þess að árið á undan, árið 2019, var eitt besta ávöxtunarár í sögu sjóðsins.

Nafnávöxtun deilda sjóðsins var á bilinu 6,7 til 14,1%. Þá var hrein raunávöxtun samtryggingardeildar 8,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar sl. fimm ár er 5,6% og 5,5% sl. tíu ár.

Hrein raunávöxtun Líf I, sem er stærsta séreignardeild sjóðsins, var 10,3% á árinu 2020. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar í Líf I sl. fimm ár var 5,2% og 5,7% sl. tíu ár.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var 117,6 milljarðar króna í lok árs 2020 og hafði vaxið um 18,4 milljarða króna frá fyrra ári en það samsvarar til 18,6% vaxtar á árinu.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins voru heildareignir samtryggingadeildar 1,0% lægri en heildarskuldbindingar í árslok 2020. Hefur hlutfallið því lagast um 0,9% frá fyrra ári. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fer nánar yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins hér á eftir.

Sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins hélt áfram að fjölga á síðasta ári. Virkir sjóðfélagar í árslok 2020, þ.e. einstaklingar sem að jafnaði greiða mánaðarleg iðgjöld til sjóðsins, voru 18.883 samanborið við 17.144 á árinu 2019 sem samsvarar til um 10% fjölgunar á milli ára.

Iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2020 námu 12,2 milljörðum króna samanborið við 10,7 milljarða króna á árinu 2019 sem er 14,0% hækkun á milli ára.

Enginn starfsmaður er hjá Íslenska lífeyrissjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundi á liðnu

starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar og ársfundar sem haldinn var í maí.

Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum sjóðsins. Í varastjórn eru tveir einstaklingar.

Í lok ársfundar 2020 voru aðalmenn í stjórn sjóðsins, auk mín, þau Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Una Eyþórsdóttir. Vararmenn voru Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim samstarfið á liðnu ári.

Að þessu sinni verður kosið um einn aðalmann til þriggja ára. Í framboði til aðalmanns er Una Eyþórsdóttir. Framboðsfrestur aðalmanns er viku fyrir ársfund og þar sem ekki bárust fleiri framboð er ljóst að sjálfkjörið verður í aðalstjórn sjóðsins.

Laun stjórnar

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 106 þúsund kr. í 117 þúsund kr. á mánuði í takt við almenna launaþróun frá mars 2020 – mars 2021.

Endurskoðunarnefnd

Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings sjóðsins og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila. Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru 4 talsins vegna starfsársins 2020.

Nefndina skipa Þórir Óskarsson og Una Eyþórsdóttir stjórnarmenn og Örn Þorbergsson endurskoðandi og er Þórir formaður nefndarinnar.

Fjárfestingarráð

Á árinu 2020 ákvað stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins að stofna aðra undirnefnd stjórnar, svonefnt fjárfestingaráð, en samkvæmt starfsreglum fjárfestingaráðs er meginhlutverk ráðsins að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna sjóðsins og sjóðfélaga gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Fjárfestingaráð skipa tveir stjórnarmenn, þau Snorri Ómarsson, sem er formaður ráðsins og Erla Ósk Ásgeirsdóttir auk

Vals Ægissonar varastjórnarmanns. Fjárfestingaráð hélt 5 fundi á árinu 2020.

Flutningur stýringarteymis til Landsbréfa

Á ársfundi 2020 voru kynntar fyrirhugaðar breytingar á eignastýringu Íslenska lífeyrissjóðsins með flutningi stýringarinnar frá Landsbankanum til Landsbréfa hf. sem er dótturfélag bankans. Flutningurinn átti sér stað á miðju ári 2020 og gekk vel í alla staði. Eins og kynnt var á sínum tíma hefur flutningurinn ýmsa kosti fyrir stýringarteymi Íslenska lífeyrissjóðsins auk þess sem aðskilnaður frá Landsbankanum dregur úr mögulegum hagsmunarárekstrum.

Covid 19

Ágætu sjóðfélagar, þegar fram líða stundir verður ársins 2020 án efa minnst fyrir Covid-19 og þau miklu áhrif sem faraldurinn hefur haft á líf okkar allra. Á sama tíma í fyrra var það verkefni okkar og starfsmanna sjóðsins að verja sjóðinn á miklum óvissu tímum. Í dag sjáum við sem betur fer fram á bjartari tíma þótt enn sjái ekki fyrir endann á faraldrinum á heimsvísu. Íslenskt samfélag mun vonandi vinna sig hratt út úr ástandinu, bæði hvað varðar heilsufarslegar og efnahagslegar afleiðingar.

Úrræði stjórnvalda um úttekt séreignarsparnaðar vegna Covid-19 hafa einnig áhrif á Íslenska lífeyrissjóðinn. Alls tóku sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins út um 2,8 milljarða króna á árinu 2020 en sótt hefur verið um úttektir hjá sjóðnum að fjárhæð 3,4 milljörðum króna.

Framkvæmdastjóri sjóðsins mun fara betur yfir viðbrögð sjóðsins og úttektir séreignarsparnaðar hér á eftir.

Breyting á lögum um lífeyrissjóði

Nú í vor lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til breytinga á lögum um lífeyrissjóði. Frumvarpið byggir að grunni á hugmyndum og útfærslu kjarasamninga frá árinu 2016. Með frumvarpinu er fyrirkomulagi frjálsra séreignarsjóða ógnað með tilkomu tilgreindrar séreignar. Til að einfalda regluverk lífeyrissparnaðar og ná víðtækri sátt um mótun lífeyriskerfisins er mikilvægt að vinna frumvarpið betur að mínu mati. Yfirlýsing stjórnvalda frá því nú í haust um víðtækt samráð og gerð grænbókar fyrir lífeyriskerfið er fagnaðarefni, enda þarf að leysa fjölmörg álitamál í starfsemi lífeyrissjóða til framtíðar. Í þeirri vinnu þarf fyrst og fremst að huga að hagsmunum sjóðfélaga lífeyrissjóða. Móta þarf framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála í takt við þær breytingar sem fyrirsjáanlegt er að verði á íslensku samfélagi. Taka þarf mið af þörfum launafólks, breyttum vinnumarkaði, meiri hreyfanleika vinnuafls og huga að auknum sveigjanleika við starfslok svo fátt eitt sé talið. Mikilvægast er að ná sátt um heildstætt lífeyrissjóðakerfi sem þjónar öllum landsmönnum. Það verður ekki gert með fyrirliggjandi frumvarpi.

Ágætu sjóðfélagar, ég hef hér farið yfir helstu þætti í starfsemi stjórnar á árinu 2020. Framkvæmdastjóri sjóðsins og sjóðstjóri munu hér á eftir fara yfir rekstur sjóðsins árið 2020 og fjárfestingarstefnur fyrir árið 2021 ásamt nánara yfirliti um ávöxtun einstakra leiða.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa starfað með okkur í stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni stýringa eigna og hans teymi og öðrum, sem komið hafa að rekstri sjóðsins, fyrir vel unnin störf í þágu hans.“

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2020. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann

7. apríl 2021. Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóðstreymi sjóðsins, vöxt deilda og sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímann Gunnarsson forstöðumaður Stjórnar eigna hjá Landsbréfum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyris-sjóðsins fyrir árið 2021. Fjárfestingarstefna ársins 2021 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2020. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári. Helstu breytingar sem voru gerðar voru þær að vægi innlendra skulda-bréfa var minnkað og vægi innlendra framtaks-fjárfestinga aukið. Sjóðurinn rekur fjórar aðskildar sjóðdeildir með mismunandi fjárfestingastefnur, þ.e. frá Líf 1 sem er með mestu áhættuna yfir í Líf 4 sem fjárfestir eingöngu í ríkisskuldabréfum. Fram kom að stór hluti eigna sjóðsins er í séreignar-

deildum en inneign sína geta sjóðfélagar flutt á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila. Þá geti sjóðfélagar tekið út frjálsa séreign í eingreiðslu frá 60 ára aldri. Þá kom fram að um fimmtungur af frjálsri séreign er í eigu sjóðfélaga 60 ára og eldri. Af þessum sökum þarf stórt hlutfall eigna að vera í seljanlegum eignum, en í lok árs 2020 voru um 92% eigna sjóðsins seljanlegar á ásættanlegu verð-bili með tiltölulega skömmum tíma. Farið var yfir þróun markaða, sem höfðu meðal annars einkennst af lækunarferli vaxta. Stýrivextir voru í byrjun árs verið 3% en voru komnir í 0,75% í lok árs. Umrót hefði verið á mörkuðum á árinu vegna Covid-19 en þegar upp var staðið hefðu flestir markaðir gefið vel af sér á árinu.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlíð.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingarstærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2020 og forsendum hennar. Fram kom að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins í árslok 2020 hefði lagast frá fyrra ári en hún væri neikvæð um 1,0%, þ.e. eignir voru lægri en heildarskuldbindingar

sjóðsins. Þannig væru eignir samtryggingadeildar 576 milljónum króna lægri en heildarskuldbinding hennar. Þá væri framtíðarskuldbinding 2,1 milljarði króna umfram eignir eða -6,1%. Þrátt fyrir þetta væri staða sjóðsins innan marka sem áskilin væru í lögum um starfsemi lífeyrissjóða.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlíð.

5. Kosning í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyris-sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund. Að þessu sinni yrði einn aðalmaður til þriggja ára. Kjörtímabil eins

stjórnarmanns væri að renna út á þessum fundi, þ.e. Unu Eyþórsdóttur en hún hefði ein boðið sig fram til stjórnarsetu að þessu sinni. Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan lið. Una Eyþórsdóttir var sjálfkjörin í stjórnina og var lýst rétt kjörin sem aðalmaður í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins til næstu þriggja ára.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2021 verði kjörin Baker Tilly - Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Baker Tilly - Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnar-laun verði 117.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnar-laun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 50.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 67.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærrí en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Stjórn leggur til að laun fyrir endurskoðunarnefnd og fjárfestingaráð verði sem hér segir:

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 57.5.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Laun formanna verði 86.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 10,6% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn kvað sér máls. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og

starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið um kl. 17:53

Sjóðfélagar á fundi voru 14 og vægi atkvæða 0,14%.

Þannig fram farið.

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

Pétur Pétursson, fundarritari

